

ÁRSSKÝRSLA ÆSKULÝÐSNEFNDAR ÞYTS

2019/2020



NEFNDIN:

Irína Kamp formaður

Katarína Borg

Matthildur Hjálmarsdóttir

Sigurður Björn Gunnlaugsson.

Um 35 flottir krakkar tóku þátt í Æskulýðsstarfi Þyts þetta árið. Það gerir um 14% af félagatali Þyts sem er flottur árangur hjá ekki stærra félagi.

Buðum við upp á Trec námskeið, reiðþjálfun, hindunarstökk þjálfun, keppnisþjálfun og hestafimleika.

Reiðþjálfun :

5 börn toku þátt í reiðþjálfun kennari var Jónína Lilja Pálmadóttir

Hentar vel fyrir minna vana krakkar eða yngri krakka. Lögð áhersla á ásetu stjórnun og gangtegundir. Að krakkanir öðlist traust og liði vel á hestbaki.

Keppnisþjálfun

4 börn toku þátt kennari Jónína Lilja Pálmadóttir

Fyrir krakka sem eru farin að hafa vald á gangtegundum og stefna á að keppa eða bara læra meira á hestinn sinn og öðlast meiri reiðfærni

Allt flottir krakkar sem er gaman að kenna.

Við náðum ekki að klára námskeiðin vegna veðurs og covid en náðum þó að komast nokkuð langt með þau.

Hindrunastökk og Trec námskeið:

Þvi miður gátum við bara haft 2 tíma í þessum námskeið út af Covid reglum og veðurfari.

4 börn voru skrá á þetta námskeið kennari : Heiða Heiler

Á námskeiðinu “trec og hindrunarstökk” áttu nemendur að ná tökum á hindrunarstökkásætu, læra að ríða rétt yfir brokkspírur og geta stokkið yfir minni hindranir. Þess á móti voru trec tímar þar sem áttu að vera mismunandi þrautabrautir sem var stillt þannig upp að knapar myndu einnig öðlast færni í ýmsum æfingum og bæta almenna reiðfærni.

Jófimi

Skýrsla hestafimleikadeildar Hestamannafélagsins Þyts

Starfstími hestafimleikadeildarinnar er frá miðjum ágúst og fram í maí.

Á haustin hefjast æfingar í íþróttahúsinu á Hvammstanga og eru þar tvisvar í viku fram á vorið.

Þar æfa saman börn á aldrinum 4 ára til 15 ára og er þeim skipt í tvo hópa á æfingunum eftir getu, þó þau æfi samt öll saman. Um 25 börn æfa hestafimleika hjá félaginu.

Æfingar í íþróttahúsinu eru mjög mikilvægar til að þjálfra grunnæfingar og getu. Einnig eru þær mjög fjölbreyttar og miðast þær við að byggja upp traust meðal iðkenda.

Helst er hægt að útskýra þetta með því að hestafimleikar byggjast á þríhyrningi sem saman stendur af hestinum, þjálfaranum og krökkunum og allir verða að geta treyst öllum í þessum hóp.

Í janúar færast svo æfingarnar upp í reiðhöll þar sem æft er á hesti.

Síðastliðinn vetur voru tveir hestar í verkefninu og voru báðir á hverri æfingu.

Starfsemi tímabilsins var eftirfarandi.

Frábær sýning þegar viðbygging við íþróttahúsið á Hvammstanga var tekin í notkun þar sem allir tóku þátt. Sýnt var á tréhest og myndband sem sýndi æfingar á hesti.

Dósasöfnun til að afla fjár í næsta ferð. Það er fastur liður í starfseminni að safna dósum til þess að eiga smá auka pening sem nýtist í gistingar og pitsur. Þessi liður í starfseminni er mjög mikilvægur og sýnir börnunum m.a. fram á að þau njóti ávaxtanna af samheldni og dugnaði auk þess sem að hér verða foreldrarnir að koma að verkefninu sem gerir það að verkum að hér verður til vettvangur þar sem foreldrar og börn hjálpast að.

Gisting í íþróttahúsinu á Hvammstanga er fastur liður á hverri önn. Alltaf er mikið fjör og gleði, hópurinn borðaðar pitsur, æft í þrekkækjasal og nýtur kvöldstundina saman með því að horfa á skemmtilega mynd. Það er alltaf mikil tilhlökkun hjá börnunum að taka þátt í þessari samverustund.

Fastur liður á hverju ári hjá krökkunum í hestafimleikunum er að heimsækja elliheimilið á Hvammstanga og halda sýningu fyrir íbúa og starfsfólk. Það er gaman að sjá gleðina í andliti íbúanna þegar krakkarnir mæta með æfingarnar sýnar.

Í byrjun janúar var loksins byrjað að æfa á hesti. En eftir 16. mars tók lífið við og kenndi okkur aðra lexíu. Covid greindist hjá mörgum hér og sett var á úrvinnslusóttkví af yfirvöldum. En við létum það ekki á okkur fá og æfingar fóru fram í gegnum tölvu þar sem krakkarnir fengu skemmtileg verkefni og leiðbeiningar á livestream og video.

Í sumar var umfjöllun um hestafimleika á Íslandi í hestafimleikablaðið í Þýskalandi, en þar er þessi íþrótt útbreydd. Það sem við höfum gert til þess að auka útbreiðsluna hér á landi er að við höfum bæði farið og fengið heimsóknir frá öðrum hestamannafélögum þar sem við kynnum starfsemina.

Eins og sést á þessari upptalningu er geysilega fjölbreytt starf hjá Jófimdeildinni og stefnum við á að halda því áfram á komandi starfsári. Enda er mikilvægasti hlutinn af starfseminni að vinna saman að hinum ýmsu verkefnum og efla þannig traustið sem ríkir innan hópsins.

Fæst þessara barna er í hestum og því má segja að þessi hópur sé okkar nýliðun. Allir í hópnum taka þátt í því að undirbúa hestana fyrir tímana á einhverjum tímapunkti, þ.e.a.s þau fara í hesthúsið, kemba, moka undan, og gera hestana klára fyrir tímana með kennara.

Margir velta fyrir sér hvernig sé hægt að lýsa þessari starfsemi sem er eðlilega ekki augljóst, þar sem þetta er líklega eina starfandi hestafimleikadeildin á Íslandi.

Í stuttu máli er hægt að segja að þetta sé ekki bara fimleikar á hesti. Heldur mætti frekar líkja þessu við blandaða fjölskyldu. Aldurshópurinn er mjög breiður, getan er mismunandi, hesturinn skilur ekki talað mál en enginn í hópnum getur verið án hinna.

Allir geta tekið þátt í því sem við erum að gera, því hver fær hlutverk við sitt hæfi.

Myndir: 1 undirbúning fyrir myndbandið sem var sýnt á sýningunni í íþrottahúsi

2 lokamynd eftir myndbandið

